

Emmýjarhnjúkur hann skal heita ...

Hjörleifur Guttormsson

Vatnsstíg 21, 101 Reykjavík; hjorleifur@eldhorn.is

Sumarið 1970 komst ég fyrst að Snæfelli, sem blaðið hafði við mér í fjarska frá æskuárum mínum á Hallormsstað með Nálhúshnjúka sér við hlið. Ég slóst í fylgd með vöskum hópi undir merki nýstofnaðs Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, sem hélt frá Egilsstöðum og upp úr Hrafnkelsdal, viku af ágúst, með efni í ferðamannaskála og reisti hann þar sem nú stendur Snæfellsskáli vestan undir fjallinu. Þaðan hélt ég á jeppa inn með Þjófahnjúkum suður á Háöldu og gekk þaðan yfir Eyjabakkajökul austur á Hraun til gróðurathugana (Hjörleifur Guttormsson, 2016) Fimm árum síðar, í ágúst 1975, lá leiðin fótgangandi við þriðja mann frá Snæfellsskála austur um Þjófadali að Hálskofi austan undir Snæfelli til rannsókna á Eyjabakkasvæðinu. Nauðsynlegan búnað hafði ég flutt þangað með þyrlu nokkrum dögum áður, þar á meðal gúmmibát til að komast austur yfir Jökulsá. Við vorum þarna í tæpa viku í hagstæðu veðri og náðum að

kanna drjúgan hluta Eyjabakkasvæðisins ásamt með Þóriseyjum. Það auðveldaði för um svæðið að Jökulsá rann þá öll austan við Eyjafell út á sléttuna, en aðeins bergvatn um vestari farveginn. Auðveldaði það aðgengi að Þóriseyjum og Hraukum, þ.e. ystu jökulöldunum hjá Eyjafelli.

Við úrvinnslu úr þessum ferðum reyndi ég að nálgast heimildir um fyrri rannsóknir náttúrufræðinga á Eyjabakkasvæðinu, allt frá glímu Sveins Pálssonar við Snæfell 1794 og ferð Þorvalds Thoroddsens á leið úr Lóni til Fljótsdals 1894. Þarna kom fleira í leitirnar en var á almannavitorði eystra, frásagnir af ferðum og rannsóknum íslenskra, enskra og þýskra fræðimanna frá fjórða og sjötta áratug 20. aldar. (Hjörleifur Guttormsson og Gísli Már Gíslason, 1977) Hér verður fyrst og fremst staldrað við þátt þýska jöklafræðingsins Emmy Mercedes Todtmann (1888–1973) í tengslum við hugmynd mína um að nefna áður ónefndan



Frá Þóriseyjum í suðvestur. Snæfellsháls og Emmýjarhnjúkur sunnan Þjófagilsár. Hálskofi sést lengst til hægri. – *Snæfellsháls and Emmýjarhnjúkur. View from Thoriseyjar east of Snæfell to the southwest. The hut Hálskofi is at the right margin.* Ljósmynd: /Photo. H.G., 1975.